

Ár 1979, þriðjudaginn 7. ágúst, var í málinu nr.14/1979 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að hinn 30. janúar 1979 kærði eigandi húseignarinnar nr. 7 við Starrahóla í Reykjavík út af því til Fasteignamats ríkisins að húsið hefði verið skráð og metið í fasteignaskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1978. Hefði húsið orðið fokhelt í ágúst 1978 og væri óeðlilegt að taka húsið í mat svo fljótt sem raun bar vitni. Kæru þessari var hrundið með úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 10. maí 1979.

Eigandi umræddrar fasteignar hefur skotið málinu til Yfirfasteignamatsnefndar, þar sem hann dregur í efa að rétt hafi verið að taka húsið í fasteignamat og leggja á það fasteignaskatt, eins og nánar greinir í bréfi kæranda frá 29. maí 1979.


Samkvæmt 1. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna skal meta hverja fasteign til verðs eftir því sem næst verður komist á hverjum tíma og nánar sé ákveðið í lögnum.


Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 406/1979 um fasteignaskráningu og fasteignamat skal meta mannvirki í byggingu að jafnaði einu sinni á ári miðað við það ásigkomulag, sem þau eru þá í. Mannvirki og einstaka hluta þeirra skal þá fyrst taka í fasteignamat, er þeir teljast fokheldir. Samkvæmt þessu var rétt að skrá og meta umrædda húseign í fasteignaskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1978. Var þá jafnframt skylt að svara fasteignaskatti ársins 1979 af eigninni, sbr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Verður kæran því ekki tekin til greina.

Ú R S K U R ð A R O R Ð :

Framangreind kæra er ekki tekin til greina.


Gaukur Jörundsson.


Torfi Asgeirsson.


Guðmundur Kr. Magnússon.